

HEILBRIGÐISNEFND AUSTURLANDS

STARFSLEYFI

Starfsleyfishafi: Plastverksmiðjan Ylur ehf.
kt. 580516-0250

Starfsstöð: Ekkjufellssel, 701 Egilsstaðir
Fastanúmer: 217-3249

Leyfið gildir frá 4. febrúar 2021 til 4. febrúar 2033

Um er að ræða starfsleyfi fyrir

- Steypustöð

Starfsleyfi þetta er gefið út samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir m.s.br. og skv. reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Leyfishafi skal einnig hlíta ákvæðum annarra laga og reglugerða sem um starfsemina kunna að gilda og starfsleyfisskilyrðum sem fylgja starfsleyfi þessu og eru óaðskiljanlegur hluti þess.

Fyrirhugaðar breytingar á húsnæði, framleiðslu eða rekstri skulu gerðar í samráði við Heilbrigðiseftirlit Austurlands. Verði meiri háttar breyting á rekstrinum eða breyting sem gæti leitt til aukinnar mengunar að mati Heilbrigðisnefndar ber að sækja um starfsleyfi að nýju. Við flutning eða eigendaskipti fellur starfsleyfið úr gildi.

Framsal þessa leyfis er óheimilt. Skylt er að framvísa starfsleyfisskilyrðum þegar opinber eftirlitsaðili óskar þess.

Starfsleyfið er gefið út til 12 ára. Heimilt er að endurskoða og breyta starfsleyfi áður en gildistími þess er liðinn vegna breyttra forsendna, svo sem ef mengun af völdum atvinnurekstrar er meiri en búist var við þegar leyfið var gefið út, ef breytingar verða á rekstrinum sem varðað geta ákvæði starfsleyfis, vegna tækniþróunar eða breytinga á reglum um mengunarvarnir, eða ef breyting verður á aðalskipulagi viðkomandi sveitarfélags.

Starfsleyfishafi skal greiða starfsleyfis- og eftirlitsgjöld samkvæmt gildandi gjaldskrá HAUST hverju sinni. Eftirlitsgjöld verða innheimt samkvæmt ákvæðum ofangreindra laga þar til forsvarsaður hefur tilkynnt stöðvun rekstrar og heilbrigðiseftirlit staðfest það.

f.h. Heilbrigðisnefndar Austurlands

NEILBRIGÐISEFTIRLIT
Drofn Svabjörnsdóttir
AUSTURLANDSSVÆÐIS

Drofn Svabjörnsdóttir,
heilbrigðisfulltrúi



HAUST

Heilbrigðiseftirlit Austurlands

Starfsleyfiskilyrði

Heilbrigðisnefndar Austurlands

Starfsleyfishafi: Plastverksmiðjan Ylur ehf., kt. 580616-0250
Starfsstöð: Ekkjufellssel, 701 Egilsstaðir
Fastanúmer: 217-3249

Leyfið gildir frá 4. febrúar 2021 til 4. febrúar 2033

Um er að ræða starfsleyfi fyrir

- **Steypustöð**

Starfsleyfi þetta er gefið út samkvæmt neðangreindum lögum og á grunni umsóknar dags. 7. ágúst 2019.

Lög sem um starfsemina gilda eru meðal annars

- *Lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir m.s.br.*

Leyfishafi skal einnig hlíta ákvæðum annarra laga og reglugerða sem um starfsemina gilda svo sem

- *Lög nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs m.s.br.*
- *Efnalög nr. 61/2013 m.s.br.*
- *Reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit*
- *Reglugerð nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi*
- *Reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs m.s.br.*
- *Reglugerð nr. 806/1999 um spilliefni m.s.br.*
- *Reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp m.s.br.*

1. Lýsing á starfseminni og skilyrði sem gilda

Um er að ræða starfsleyfi fyrir framleiðslu á steypu, þ.e. rekstur hefðbundinnar steypustöðvar.

Um starfsemina gilda m.a.:

- *Fylgiskjal 1. Almenn starfsleyfiskilyrði fyrir mengandi starfsemi.*
- *Fylgiskjal 2. Starfsleyfiskilyrði fyrir steypustöðvar og steypueiningarverksmiðjur.*

2. Mengunarvarnir

Starfsleyfishafi skal eins og kostur er fyrirbyggja eða draga úr mengun lofts, láðs og/eða lagar sem kann að stafa frá starfsemi fyrirtækisins með viðeigandi aðferðum og mengunarvarnarbúnaði. Starfsleyfishafi skal beita samþættum mengunarvörnum þar sem það á við, svo að ráðstafanir til að draga úr tiltekinni mengun í einum viðtaka valdi ekki eða auki mengun í öðrum. Beita skal bestu aðgengilegu tækni (BAT) við mengunarvarnir í þeim tilvikum sem hún hefur verið skilgreind.

2.1. Mengunarvarnir fráveitu

Fráveita frá húsum og niðurföllum í starfsstöðinni skal leidd í fráveitukerfi sveitarfélagsins.

Stefnt skal að hreinsun fráveitu frá framleiðslunni í samræmi við lið 4.4. í starfsleyfisskilyrðum fyrir steypustöðvar og steypueiningarverksmiðjur.

Fljótandi efnavara skal geymd á öruggan hátt, þ.e. í pró og/eða fjarri niðurföllum.

3. Skráningar og innra eftirlit

Rekstraraðili skal viðhafa eigið eftirlit með starfsemi sem m.a. er fólgin í skráningu á eftirfarandi:

- Magn og gerð spilliefna sem skilað er til móttökustöðvar ásamt staðfestingu flutningsaðila og/eða móttökustöðvar
- Mengunaróhöpp og viðbrögð við þeim.
- Niðurstöður sýnatöku.

Upplýsingar um legu fyrirkomulag frárennislagna skulu vera tiltækar hjá rekstraraðila.

Halda skal skrá yfir olúgeyma starfstöðvar, þ.e. fyrir neyslu-, húsa- eða lausageyma sem eru í notkun.

Eftirlitsaðili skal ávallt hafa greiðan aðgang að framangreindum upplýsingum.

4. Annað sem varðar starfsemina

4.1. Meðferð úrgangs

Allur úrgangur skal meðhöndlaður í samræmi við reglur sveitarfélagsins.

Spilliefni og hvers konar efni sem unnt er að endurvinna og endurnota skulu flokkuð sér og flutt til móttöku skv. reglum þar um og taka kvittun til staðfestingar á réttum skilum.

Fastur úrgangur frá steypuframleiðslu, þ.e. sandur, set, afgangssteypa o.þ.h. skal fargað í samvinnu við sveitarfélagið á urðunarstað fyrir óvirkan úrgang eða á löglegum sorpförgunarstað.

4.2. Lóð og umhverfi

Umgengni um lóð og athafnasvæði skal vera góð og lóðamörk skulu virt. Starfsleyfishafa er skylt að sjá um að á umráðasvæði fyrirtækisins sé gætt fyllsta hreinlætis og að húsnæði og lóð sé haldið snyrtilegu.

Bifreiðum, tækjum, lausamunum og annað sem tilheyrir rekstraraðila skal snyrtilega komið fyrir á umráðasvæði starfstöðvar þannig að ekki valdi slyshættu.

Komið skal í veg fyrir að úrgangur og annað sem ekki tilheyrir starfsemi safnist fyrir á lóð.

4.3. Mengunaróhapp

Komi til atvika sem geta haft umtalsverð áhrif á umhverfið skal tafarlaust gripið til ráðstafana til að hindra að efni eða úrgangur berist í umhverfið eða í niðurföll.

Slík atvik skal tilkynna til Heilbrigðiseftirlits Austurlands.

4.4. Starfsemi hætt

Tilkynna skal Heilbrigðiseftirliti Austurlands með minnst mánaðar fyrirvara um stöðvun rekstrar og ráðstafanir þar að lútandi, þannig að taka megí út frágang á aðstöðunni.

Gera skal ráðstafanir til þess að úrgangi, efnunum og búnaði verði fargað á viðurkenndan hátt.

4. febrúar 2021

Virðingarfyllst,

f.h. Heilbrigðisnefndar Austurlands


Dröfn Svabjörnsdóttir
heilbrigðisfulltrúi

4. febrúar 2021

Plastverksmiðjan Ylur ehf.
Litluskógum 6
700 Egilsstaðir

Greinargerð um útgáfu starfsleyfis fyrir Plastverksmiðjan Ylur ehf., steypustöð við Ekkjufellssel, 701 Egilsstaðir

Umsókn um starfsleyfis fyrir steypustöð við Ekkjufellssel, 701 Egilsstaðir barst 7.8.2020. Umsækjandi er Plastverksmiðjan Ylur ehf., kt. 580516-0250.

Málsmeðferð við vinnslu starfsleyfisins hefur verið í samræmi við ákvæði í 6 gr. reglugerðar nr. 550/2108 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

HAUST óskaði eftir umsögn skipulags- og byggingarfulltrúa Múlaþings með bréfi þann 7.10.2020 vegna ofangreinds erindis. Umsögn skipulagsfulltrúa barst til HAUST þann 7.12.2020 en erindið var tekið fyrir á fundi umhverfis- og framkvæmdaráðs Múlaþings þann 28.10.2020. Í bréfi skipulagsfulltrúa kemur eftirfarandi fram:

Umhverfis- og framkvæmdaráð staðfestir að viðkomandi lóð er innan iðnaðarsvæðis I13, svonefnds Selssvæðis, samkvæmt aðalskipulagi Fljótsdalshéraðs.

*Ráðið bendir á sérstaka skilmála aðalskipulags um svæðið, en það segir:
Gæta skal þess að ásýnd svæðisins sé aðlaðandi og allur frágangur á umhverfi vandaður. Jaðar svæðisins við þjóðveginn verði girtur þéttum, hávöxnum gróðri.*

Drög að starfsleyfi voru útbúin og auglýst á heimasíðu HAUST þann 6. janúar 2021 og veittur fjögurra vikna frestur til athugasemda. Frestur til að gera athugasemdir rann út þann 3. febrúar 2021.

Engar athugasemdir bárust við starfsleyfisdrögin innan auglýsts frests.

Engar breytingar voru gerðar á útgefnu starfsleyfi frá auglýstri tillögu.

Virðingarfyllt V. h. Heilbrigðisnefndar Austurlands



Dröfn Svanbjörnsdóttir,
Heilbrigðisfulltrúi

Samkvæmt 1. mgr. 65. gr. Laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir er heimilt að vísa ákvörðun heilbrigðisnefndar í máli þessu til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Um aðild, kærufrest, málsmeðferð og annað er varðar kæru til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála fer skv. lögum nr. 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála. Kæra til nefndarinnar frestar ekki réttaráhrifum ákvörðunarinnar. Frestur til að vísa málinu til úrskurðarnefndar er einn mánuður frá því að kæranda varð kunnugt eða mátti vera kunnugt um ákvörðunina. Kæra skal vera skrifleg og undirrituð.